

Láglanalandið

## Helmingi lægri laun

*Samanburður á kennaralaunum hérlendis og á öðrum Norðurlöndum leiðir gífurlegan mismun í ljós. Norrænir kennarar lýsa yfir stuðningi við baráttu starfsbræðranna á Íslandi. Undrandi og hneykslaðir á ástandinu hér*

Laun framhaldsskólakennara á Íslandi eru að jafnaði innan við helmingur af þeim launum sem starfsbræður þeirra fá greidd á hinum Norðurlöndunum. Þetta kom fram á blaðamannafundi sem Hið íslenska kennarafélag efndi til með fulltrúum stéttarféлага framhaldsskólakennara á hin-

um Norðurlöndunum á Hótel Esju í gær. Á fundinum lýstu hinir erlendu fulltrúar yfir undrun sinni og hneykslun á þeim litla skilningi sem virtist ríkjandi á kennarastarfinu hér á landi. Einnig kom fram að það er óþekkt á hinum Norðurlöndunum að réttindalausir kennarar starfi á framhalds-

skólastigi. Slíkt er hins vegar algengt hér og verður sífellt algengara eftir því sem bilið eykst á milli launa fyrir sambærilega vinnu á almennum vinnumarkaði. Norrænu kennarafulltrúarnir eru hér á landi á fundi sem haldinn er reglulega á tveggja ára fresti, en eitt aðalmálið á fund-

inum nú verður stuðningur norrænna kennara við kjarabaráttu hinna íslensku starfsbræðra. Kom fram að framhaldsskólakennarar á hinum Norðurlöndunum eru reiðubúnir að veita starfsbræðrum sínum hér fjárhagslegan stuðning, neyðist þeir til að hætta kennslu 1. mars næstkomandi. —ólg



Hugmyndirnar um Arnarhólinn og umhverfi hans voru kynntar á Kjarvalsstöðum í gær. Seðlabanki og borgarstjórn efndu til samkeppninnar. (Mynd E.Ól.)

Hugmyndaflug

### Útsýnis- pallur í atgeirsegg

Samkeppni um  
Arnarhól:  
31 tillaga barst

Ótrúlegt hugmyndaflug hefur losnað úr læðingi í samkeppni Seðlabankans og borgarinnar um hlutverk og mótun Arnarhóls og umhverfis hans, en sýning á 31 tillögu þar um var opnuð á Kjarvalsstöðum í gær. Fengu 10 þeirra viðurkenningar af ýmsu tagi, samtals kr. 1.130 þúsund.

Margir tillöguhöfundar gera ráð fyrir því að grafa Arnarhólinn út að einhverju eða öllu leyti. Í einni tillögunni er að finna tónleikahöll, sem öll er neðanjarðar en margar sýna veitingahús, Ingólfsafn eða leiksvæði undir stytta Ingólfs. Ein tillagan gerir ráð fyrir því að í hólnum megi koma fyrir lyftibúnaði af ýmsu tagi og hækka hann og lækka eftir því sem þörf krefur. Önnur tillaga gerir ráð fyrir því að stytta Ingólfs verði stækkuð upp í „Frelsisstytustærð“ og veitingahúsi komið fyrir í höfði drekans. Í atgeirsegginni yrði þá útsýnis-pallur!

Margar tillagnanna ná talsvert út fyrir hólinn og sýnir ein göngubrú frá honum yfir að Stjórnarráðinu og önnur litla bátahöfn við rætur hans Kalkofnsvegsmegin. Allt þetta og meira til er Reykvíkingum nú boðið að kynna sér um helgina og út næstu viku og á sýningunni verður jafnframt gerð skoðanakönnun, m.a. um trjágróður, gosbrunna, byggingu undir stytta Ingólfs o.fl.

Dómnefnd valdi 6 tillögur til þátttöku í síðari þrepi samkeppni um Arnarhól og fékk hver þeirra 150 þúsund kr. í verðlaun. 35 manns unnu að þessum tillögum. Tvær tillögur voru keyptar á kr. 65 þúsund hvor og tvær fengu viðurkenningu, kr. 50 þúsund. Það eru tillögurnar um lyftibúnaðinn og risastyttuna. —ÁI

Framhaldssaga

### Engar launa- hækkanir?

Tillögur ríkisstjórnarinnar kynntar

„Ríkisstjórnin mun leggja áherslu á að ræða við aðilja vinnumarkaðarins, m.a. um breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs, bóttum almannatrygginga, fyrirgreiðslu í húsnæðismálum og atvinnustefnu til næstu ára í stað peningalaunahækkana“, segir í efnispunktum ríkisstjórnarinnar sem kynntir voru á blaðamannafundinum í gær.

Eins og kemur fram annars staðar eru tillögur ríkisstjórnarinnar mjög almennt orðaðar og vísað til framtíðar lagasetninga um flest mál. Nánar er sagt frá blaðamannafundi Alberts og Steingríms á bls. 2.

—ólg

Borgarstjórn

## Einstæðir foreldrar fengu hækkun

*Aðeins ein breytingartillaga minnihlutaflokkanna náði fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar*

Borgarfulltrúar minnihlutaflokkanna í Reykjavík lögðu fram mikinn fjölda breytingartillagna við afgreiðslu fjárhagsáætlunar á fimmtudagskvöld en aðeins ein þeirra var samþykkt. Það var tillaga fulltrúa Alþýðubandalagsins um að framlæ til Félags-

einstæðra foreldra hækkaði úr 320 þús. krónum í 500 þús. krónum. Fékk hún 20 atkvæði.

Þá var tillögu Sigurður E. Guðmundssonar Alþýðuflokki um að dagskráratríði Listahátíðar yrðu boðin út vísað til stjórnar Lista-

hátíðar. Þrátt fyrir þetta tók Sjálfstæðisflokkurinn upp ýmis af baráttumálum vinstri flokkanna, breytti þeim ögn og gerði að sínum þannig að þessi lokaafgreiðsla gefur ekki fullkomlega rétta mynd af árangri þeirra.

—GFr